

7. gr.

81

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur á sama hátt.

20. maí

8. gr.

Oddviti eða eftirlitsmaður færir inn í sérstaka skemmtanaskattsbók nafn forstöðumanns skemmtunar, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin, tölu stimplaðra aðgöngumiða, sem afhentir eru forstöðumanni gegn kvittun hans ritaðri í bókina, tölu óseldra miða og seldra og útreikning skattsins. Falli skemmtun niður, skal þess getið í bókun.

9. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðskildu frá öðrum tekjum hreppsins, og verja því til hvers konar menningar- og framfaramála í Raufarhafnarhreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00. Skulu mál út af brotum á reglugerðinni sæta meðferð opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. maí 1960.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

82

um skemmtanaskatt í Eyrarhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu.

20. maí

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og l. nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Eyrarhreppi, og aðgangur seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngur.
- c. Hljómleikir.
- d. Sjónleikir.
- e. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- f. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

82 2. flokkur:

20. maí

- a. Dansleikir.
- b. Loddara- og fjölleikasýningar.
- c. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum, sem undir 1. flokk heyrar, skal greiða 10% af aðgöngueyri, og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem er í hærri skattflokki.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, eða til styrktar góðum og þörfum félagsskap, eða menningar- og framfaramála hreppsins.

5. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé framfylgt, sér um innhentu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum. Hún getur ráðið sérstakan mann til þess að annast þetta starf fyrir sína hönd og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, er halda vill skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkoma eða skemmtun hefur verið haldin, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, samkv. 3. gr. þessarar reglugerðar, af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóðs, sem halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum hreppsins, og verja til trjáræktar og styrktar leikstarfsemi í hreppnum.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00. Með mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. maí 1960.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.